

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

53

10. maí

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar í eftirgreindum götum, sem hér segir:

Ránargötu norðanmegin götunnar milli Garðastrætis og Ægisgötu.

Bárugötu sunnanmegin götunnar milli Garðastrætis og Ægisgötu.

Öldugötu sunnanmegin götunnar milli Garðastrætis og Ægisgötu.

Enn fremur hefur verið sett upp stöðvunarkerki á Njarðargötu við Laufásveg sunnanmegin.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. maí 1961.

Sigurjón Sigurðsson.

SAMÞYKKT

54

15. maí

um breytingu á samþykkt nr. 41 11. apríl 1929, um sýsluvegasjóð Dalasýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

I. Hörðudalshreppur:

1. Hörðudalsvegur vestri, af Skógarstrandarvegi utan Hörðudalsár, að Seljalandi.

II. Miðdalshreppur:

2. Hálsbæjavegur, frá Skógarstrandarvegi við Snóksdalslæk, um Hamraenda að Neðri-Hundadal.
3. Hundadalsvegur, af Vesturlandsvegi við Reykjadalssá að heimreiðum Hundadalsbæja.
4. Kvennabrekkuvegur, af Vesturlandsvegi að Kvennabrekku.

III. Haukadalshreppur:

5. Haukadalsvegur syðri, af Haukadalsvegi nyrðri, innan Haukadalsvatns, um Litla-Vatnshorn að Hömrum.

IV. Laxárdalshreppur:

6. Lækjarskógsvegur, af Vesturlandsvegi hjá Þorbergsstöðum að Lækjarskógi.
7. Flugvallarvegur, af Vesturlandsvegi á Sauraleiti, að flugvelli á Kamsnesi.
8. Laxárdalsvegur nyrðri, af Hjarðarholtsvegi um Sámstaði, á Laxárdalsveg syðri við Laxalæk.
9. Vígholtsstaðavegur, frá Laxárdalsvegi nyrðri, sunnan Spágilsstaða, að Vígholtsstöðum.
10. Búðardalsvegur, af Vesturlandsvegi um læknisbústað, sýslumannsbústað, kaupfélag og aftur á Vesturlandsveg.